

ÁKVÖRÐUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS nr. 2850/2000/EB

2002/EES/12/03

frá 20. desember 2000

um að setja ramma um samstarf innan bandalagsins varðandi viljandi eða óviljandi mengun sjávar(*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS
HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum
1. mgr. 175. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr.
sáttmálans ⁽³⁾ og með hliðsjón af sameiginlega textanum sem
sáttanefndin samþykkti 11. október 2000,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Aðgerðir bandalagsins á sviði óviljandi mengunar sjávar síðan 1978 hafa gert kleift að koma á í áföngum samstarfi milli aðildarríkjanna innan aðgerðaáætlunar bandalagsins. Ályktunin og ákvarðanirnar, sem hafa verið samþykktar síðan 1978 ⁽⁴⁾, eru grunnur að þessu samstarfi.
- 2) Nokkrir svæðisbundnir samningar um óviljandi mengun sjávar, til dæmis Bonn-samstarfssamningurinn, auðvelda nú þegar gagnkvæma aðstoð og samvinnu milli aðildarríkjanna á þessu sviði.
- 3) Taka ber mið af alþjóðlegum sáttmálum og samningum sem gilda um höf og hafsvæði í Evrópu, til dæmis OSPAR-samningnum, Barselóna-samningnum og Helsinki-samningnum.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 332, 28.12.2000, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 58/2001 frá 18. maí 2001 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 32, 21.6.2001, bls. 5.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 25, 30.1.1999, bls. 20.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 169, 16.6.1999, bls. 16.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 16. september 1999 (Stjtið. EB C 54, 25.2.2000, bls. 82), sameiginleg afstaða ráðsins frá 17. desember 2000 (Stjtið. EB C 87, 24.3.2000, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 13. júní 2000 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Ákvörðun Evrópuþingsins frá 30. nóvember 2000 og ákvörðun ráðsins frá 5. desember 2000.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB C 162, 8.7.1978, bls. 1, Stjtið. EB L 355, 10.12.1981, bls. 52, Stjtið. EB L 77, 22.3.1986, bls. 33 og Stjtið. EB L 158, 25.6.1988, bls. 32.

4) Upplýsingakerfi bandalagsins hefur þjónað því markmiði að láta aðildarríkjunum í té nauðsynleg gögn vegna eftirlits með og takmörkunar á mengun af völdum leka vetniskolefna og annarra skaðlegra efna á hafi úti í miklu magni. Upplýsingakerfið verður einfaldað með því að nota nýtt og sjálfvirkt gagnavinnslakerfi.

5) Nauðsynlegt er að koma á kerfi sem gerir kleift að skiptast á upplýsingum hratt og með skilvirkum hætti.

6) Starfshópur bandalagsins og aðrar aðgerðir innan aðgerðaáætlunar bandalagsins hafa reynst framkvæmdar-yfirvöldum gagnleg stöð við bráðamengun sjávar og stuðlað að samvinnu og viðbúnaði til að unnt sé að bregðast við óhöppum með skilvirkum hætti.

7) Í stefnu- og framkvæmdaáætlun bandalagsins á sviði umhverfis og sjálfbærrar þróunar ⁽⁵⁾, sem framkvæmdastjórnin setur fram, er fyrirhugað að bandalagið auki umsvif sín, einkum á sviði umhverfisóhappa, meðal annars varðandi viljandi eða óviljandi mengun sjávar.

8) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/59/EB um aðstöðu í höfnum til að taka á móti úrgangi skipa og farmleifum ⁽⁶⁾ hefur afgerandi þýðingu með tilliti til þessarar ákvörðunar.

9) Með skaðlegum efnum er átt við hvers kyns hættuleg eða eitruð efni sem líklegt er að valdi áhyggjum ef þau berast í sjó.

10) Samstarf innan bandalagsins á sviði óviljandi mengunar sjávar stuðlar, með því að halda áhættu í skefjum, að því að markmiðum stofnsáttmálans verði náð með því að ýta undir samstöðu meðal aðildarríkjanna og stuðla, samkvæmt 174. gr. sáttmálans, að varðveislu og verndun umhverfisins og verndun almannaheilbrigðis.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB C 138, 17.5.1993, bls. 5.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 332, 28.12.2000, bls. 81.

- 11) Setning rammaákvæða bandalagsins um samvinnu á sviði stuðningsráðstafana mun stuðla að því að gera samstarf á sviði óviljandi mengunar sjávar enn skilvirkara. Slík rammaákvæði um samvinnu skal að miklu leyti byggja á þeirri reynslu sem þegar hefur verið aflað á þessu sviði síðan 1978.
- 12) Rammaákvæði bandalagsins um samvinnu munu einnig auka gagnsæi auk þess að samstillja og styrkja ólíkar aðgerðir.
- 13) Óviljandi eða viljandi mengun sjávar nær einnig til mengunar frá mannvirkjum á hafi úti og af völdum ólöglegs, rekstartengds leka frá skipum.
- 14) Aðgerðir, sem miða að því að miðla upplýsingum og undirbúa þá sem bera ábyrgð á og takast á við óviljandi mengun sjávar, eru mikilvægar, auka viðbúnað gegn óhöppum og stuðla að því að draga sem mest úr áhættu.
- 15) Einnig er brýnt að grípa til bandalagsaðgerða sem miða að því að bæta tækni og aðferðir sem gripið er til eftir að neyðarástand skapast og til endurhæfingar.
- 16) Mikilvægi þess, að aðildarríkin hljóti stuðning í verki í neyðartilvikum og að þeim sé auðveldað að miðla af reynslu sinni við slíkar aðstæður, hefur komið í ljós.
- 17) Aðgerðir samkvæmt þessum rammaákvæðum ættu einnig að styðja við mengunarbótaregluna en henni skal beita í samræmi við gildandi landslög og þjóðarétt á sviði umhverfis- og siglingamála.
- 18) Samþykking ber nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari ákvörðun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið⁽¹⁾.
- 19) Í þessari ákvörðun er mælt fyrir um fjárhagsramma sem gildir meðan áætlunin varir og er helsta viðmiðun fjárveitingavaldsins við árlega fjárlagagerð í skilningi 33. liðar samstarfssamnings frá 6. maí 1999 milli stofnana Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar um eftirlit með fjárlögum og endurbætur á afgreiðslu fjárlaga⁽²⁾.
- 20) Ákvæði þessarar ákvörðunar leysa einkum af hólmi aðgerðaáætlunina, sem var komið á fót með ályktun ráðsins frá 26. júní 1978, og upplýsingakerfi bandalagsins sem var komið á fót með ákvörðun ráðsins 86/85/EBE frá 6. mars 1986 um að koma á fót upplýsingakerfi vegna eftirlits með og takmörkunar á mengun af völdum leka vetniskolefna og annarra skaðlegra efna á hafi úti eða

helstu innlendu vatnaleiðum⁽³⁾. Fella ber fyrrnefnda ákvörðun úr gildi frá og með þeim degi sem þessi ákvörðun öðlast gildi.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Rammaákvæði bandalagsins um samvinnu á sviði óviljandi og viljandi mengunar sjávar (hér á eftir nefnd „rammaákvæði um samvinnu“) eru hér með samþykkt fyrir tímabilið 1. janúar 2000 til 31. desember 2006.

2. Markmiðið með rammaákvæðunum um samvinnu er:

a) að styðja og auka viðleitni aðildarríkjanna á landsvísu og á vettvangi héraða og sveitarfélaga til þess að vernda umhverfi sjávar, strandlengjur og almannaheilbrigði gegn áhættu samfara óviljandi eða viljandi mengun á sjó, að undanskildu samfelldu flæði mengunar sem á upptök sín í landi.

Til áhættuþátta samfara óviljandi mengun sjávar telst losun skaðlegra efna út í umhverfi sjávar, hvaðan sem þau koma, bæði frá skipum og strandlengjunni eða árósum, að meðtalinni losun þar sem um er að ræða úrgang sem er hent, til dæmis hergögn, en að frátalinni heimilaðri losun og stöðugu flæði mengunar sem á upptök sín í landi;

b) að stuðla að aukinni getu aðildarríkjanna til að bregðast við tilvikum þar sem olía eða önnur hættuleg efni leka út á sjó, eða yfirvofandi hætta er á því, og að stuðla að því að dregið verði úr slíkri áhættu. Aðildarríkin skulu, í samræmi við innri skiptingu löghæfis innan aðildarríkjanna, skiptast á upplýsingum um hergögn, sem hefur verið hent, í því skyni að auðveldara verði að greina áhættu og gera ráðstafanir á sviði viðbúnaðar;

c) að efla skilyrði fyrir og auðvelda skilvirka, gagnkvæma aðstoð og samvinnu aðildarríkjanna á þessu sviði; og

d) að stuðla að samvinnu aðildarríkjanna í því skyni að skadabætur komi fyrir tjón í samræmi við mengunarbótaregluna.

2. gr.

Framkvæmdastjórnin skal, með fyrirvara um skiptingu ábyrgðar milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar, grípa til aðgerða samkvæmt rammaákvæðunum um samvinnu eins og fram kemur í I. og II. viðauka.

a) Komið er á fót upplýsingakerfi bandalagsins sem rúmast innan rammaákvæða um samvinnu og gerir kleift að skiptast á gögnum um viðbúnað og viðbrögð við óviljandi og viljandi mengun sjávar. Kerfið skal byggt á að minnsta kosti tveimur efnisþáttum sem eru settir fram í I. viðauka.

Aðgerðir, sem falla undir rammaákvæðin um samvinnu, og fjárhagsákvæði um framlag bandalagsins eru sett fram í II. viðauka.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 172, 18.6.1999, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 77, 22.3.1986, bls. 33. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun 88/346/EBE (Stjtið. EB L 158, 25.6.1988, bls. 32).

b) Breytileg áætlun um beitingu rammaákvæðanna um samvinnu skal gerð til þriggja ára og endurskoðuð árlega. Hún skal samþykkt í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 4. gr., meðal annars á grundvelli þeirra upplýsinga sem aðildarríkin láta framkvæmdastjórninni í té.

Framkvæmdastjórninni er heimilt, ef nauðsyn krefur, að grípa til aðgerða til viðbótar þeim sem eru settar fram í II. viðauka. Meta ber slíkar viðbótaraðgerðir með tilliti til þeirra forgangsatriða, sem hafa verið ákveðin, og þess fjármagns sem er til ráðstöfunar og þær ber að samþykkja í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 4. gr.

c) Fjárhagsramminn til að hrinda þessari ákvörðun í framkvæmd, á tímabilinu 2000 til 2006, er 7 milljónir evra.

Fjárframlög til aðgerðanna, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, skulu færð undir árlegar fjárveitingar á almennum fjárlögum Evrópusambandsins. Árlegar fjárveitingar skulu háðar samþykki fjárveitingavaldsins og rúmast innan ramma fjárhagsáætlana.

3. gr.

1. Í breytilegu áætluninni um beitingu rammaákvæðanna um samvinnu skal fjalla um einstakar aðgerðir sem ber að gera.

2. Velja ber einstakar aðgerðir sérstaklega með tilliti til eftirfarandi viðmiðana:

a) þær stuðli að því að miðla upplýsingum og undirbúa þá sem bera ábyrgð á að takast á við óviljandi og viljandi mengun sjávar í aðildarríkjunum, meðal annars hafnaryfirvöld þar sem það á við, í því skyni að efla viðbúnað og stuðla að því að draga sem mest úr áhættu;

b) þær stuðli að því að bæta tækni og aðferðir til þess að bregðast við mengun sjávar og vinna að endurhæfingu eftir að neyðarástand skapast og bæta tækni við að meta spjöll á umhverfi sjávar og stranda;

c) þær stuðli að því að miðla betri upplýsingum til almennings í því skyni að lýsa betur áhættuþáttum og koma upplýsingum á framfæri um óhöpp;

d) þær stuðli að því að efla samvinnu aðila innan sveitarfélaga og aðila á vettvangi náttúruverndar með tilliti til þess að draga sem mest úr áhættu og með tilliti til viðbragða;

e) þær stuðli að því að veita aðildarríkjum stuðning í verki þegar neyðarástand skapast með því að kalla til sérfræðinga,

aðallega úr röðum starfshóps bandalagsins, og að miðla reynslu, sem er aflað við slíkar aðstæður, til annarra aðildarríkja.

3. Hver einstök aðgerð skal fara fram í náinni samvinnu við lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum, á landsvisu og innan héraða og sveitarfélaga.

4. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 4. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem um getur í 3. mgr. 4. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

5. gr.

Framkvæmdastjórnin skal meta, á miðjum gildistíma og áður en honum lýkur, með hvaða hætti rammaákvæðunum um samstarf er beitt og gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu eigi síðar en 36 mánuðum eftir að ákvörðunin öðlast gildi og því næst sex árum eftir að ákvörðunin öðlast gildi. Framkvæmdastjórnin skal leggja fram í lokaskýrslu sinni, ef við á, tillögur að nýjum ráðstöfunum sem miða að því að rammaákvæðin gildi áfram.

6. gr.

Ákvörðun 86/85/EBE falli úr gildi.

7. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

8. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. desember 2000.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

N. FONTAINE

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

J.-C. GAYSSOT

forseti.

I. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAKERFI BANDALAGSINS

Upplýsingakerfið verður byggt á nýju og sjálfvirku gagnavinnslukerfi. Á heimasíðu bandalagsins á Netinu verða almennar grunnupplýsingar af vettvangi bandalagsins og á innlendum heimasíðum verða upplýsingar um þau úrræði sem grípa má til í hverju landi.

Hluti kerfisins verður til á prenti og uppfærður í EB-handbók í lausblaðaformi með upplýsingum um viðbrögð við neyðarástandi í hverju aðildarríki.

1. Framkvæmdastjórnin mun opna vefsetur með síðu sem veitir almennan aðgang að kerfinu og einnig heimasíðu bandalagsins.
2. Hvert aðildarríki mun, innan sex mánaða frá því að ákvörðunin öðlast gildi:
 - a) tilnefna það yfirvald eða yfirvöld sem annast umsýslu vegna innlendra þátta kerfisins og tilkynna framkvæmdastjórninni um það;
 - b) opna eða viðhalda innlendra heimasíðu eða samtengdum, innlendum heimasíðum. Innlenda heimasíðan eða ein samtengdu, innlendu heimasíðanna verður tengd við kerfið í heild í gegnum síðu bandalagsins sem veitir almennan aðgang að kerfinu;
 - c) færa viðeigandi upplýsingar inn á innlenda heimasíðu sína (eða heimasíður), það er að segja:
 - i) lýsingu á innlendu skipulagi og tengslum milli innlendra yfirvalda á sviði óviljandi eða viljandi mengunar sjávar, meðal annars miðstöðvar sem hafa ber samband við í tengslum við viðbrögð við neyðarástandi;
 - ii) almennar upplýsingar um starfandi sveitir og tiltækan tækjabúnað til að bregðast við neyðarástandi og hreinsa upp, einkum:
 - útkallssveitir (á sjó) á skipum með búnaði til mengunarvarna,
 - útkallssveitir (á landi) sem fást við mengun strandlengjunnar og skipuleggja tímabundna geymslu og stýra jafnframt aðgerðum sem miða að því að endurhæfa viðkvæm strandsvæði,
 - sveitir sérfræðinga sem fylgjast með mengun umhverfisins og/eða áhrifum baráttuaðferða, sem er beitt, meðal annars notkun dreifiefna,
 - aðrar aflrænar, efnafræðilegar og líffræðilegar aðferðir í baráttunni gegn mengun á sjó og við hreinsun stranda, meðal annars kerfi sem gera kleift að tæma olíuflutningaskip,
 - loftför fyrir eftirlit úr lofti,
 - staðsetningu varabirgða,
 - dráttargetu í neyðartilvikum,
 - neyðarnúmer fyrir almenning;
 - iii) skilyrði fyrir því að aðstoð sé veitt.

Miðstöðvarnar munu veita frekari upplýsingar samkvæmt beiðni.

3. Hvert aðildarríki mun uppfæra heimasíðu sína (eða heimasíður) sem er tilgreind í 2. lið um leið og breytingar verða.
4. Hvert og eitt aðildarríki mun láta framkvæmdastjórninni í té upplýsingar um verkleg viðbrögð sín við neyðarástandi, sem færa ber í EB-handbókina í lausblaðaformi, meðal annars verklagsreglur við útköll og tengiliði við framkvæmdir ásamt nauðsynlegum tilvisunum, innan sex mánaða frá því að ákvörðunin öðlast gildi.
5. Hvert aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórninni við fyrsta tækifæri um allar breytingar sem varða upplýsingarnar í EB-handbókinni í lausblaðaformi.
6. Framkvæmdastjórnin mun láta hverju og einu aðildarríki í té eintak af EB-handbókinni í lausblaðaformi og allt uppfært efni.

Fyrirmyndir að heimasíðu bandalagsins og innlendum heimasíðum og frekari leiðbeiningum um notkun upplýsingakerfis bandalagsins verða samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 4. gr.

II. VIÐAUKI

FJÁRHAGSRÁÐSTAFANIR VEGNA FRAMLAGS BANDALAGSINS

Tegundir aðgerða	Fjárhagsráðstafanir
<p>A. Aðgerðir á sviði þjálfunar og upplýsingar</p> <p>1. <i>Námskeið og málstofur</i> ⁽¹⁾</p> <p>Skipulag námskeiða og málstofa fyrir embættismenn ríkis, héraða og sveitarfélaga í aðildarríkjunum og aðra sem eiga þátt í því að tryggja að lögbærar þjónustustofnanir bregðist við hratt og með skilvirkum hætti</p> <p>2. <i>Sérfræðingaskipti</i></p> <p>Skipulagning sérfræðiaðstoðar við annað aðildarríki í því skyni að sérfræðingar geti aflað sér reynslu, lagt mat á aðra tækni eða kynnt sér aðferðir hjá öðrum neyðarþjónustum eða öðrum viðkomandi stofnunum, til dæmis frjálsum félagasamtökum sem búa yfir sérþekkingu á sviði óviljandi eða viljandi mengunar sjávar.</p> <p>Skipulagning skipta á sérfræðingum frá aðildarríkjunum sem gerir þeim kleift að halda eða sækja stutt þjálfunarnámskeið eða sérhæfð námskeið í öðru aðildarríki.</p> <p>3. <i>Æfingar</i> ⁽¹⁾</p> <p>Marmiðið með æfingum er að bera saman aðferðir, örva samstarf aðildarríkjanna og stuðla að framförum á sviði innlendrar neyðarþjónustu og að samræmingu hennar.</p> <p>4. <i>Upplýsingakerfi bandalagsins</i></p> <p>Þróun og viðhald tölvuvædds nútímaupplýsingakerfis til að gera innlendum yfirvöldum kleift að fást við óviljandi eða viljandi mengun sjávar með því að láta í té nauðsynlegar upplýsingar um viðbrögð við neyðarástandi.</p>	<p>Hámarksfjárframlag bandalagsins: 75% af heildarkostnaði aðgerðarinnar, þó aldrei meira en 75 000 evrur fyrir hverja aðgerð.</p> <p>Að hámarki 75% af ferða- og dvalarkostnaði sérfræðinga og 100% af kostnaðinum við að samræma kerfið.</p> <p>Hámarksfjárframlag bandalagsins: 50% af kostnaði vegna þátttöku áheyrnarfulltrúa frá öðrum aðildarríkjum og til að skipuleggja málstofur sem þessu tengjast, undirbúa æfinguna, semja lokaskýrsluna o.s.frv.</p> <p>100% fjármögnun hluta framkvæmdastjórnarinnar í kerfinu.</p>
<p>B. Aðgerðir til að bæta tækni og aðferðir til að bregðast við og endurhæfa (tilraunaverkefni) ⁽¹⁾</p> <p>Verkefni sem miða að því að auka getu aðildarríkjanna til þess að bregðast við og endurhæfa. Þessum verkefnum er aðallega ætlað að bæta aðferðir, tækni og verklagsreglur. Þau skulu gilda fyrir öll aðildarríkin eða sum þeirra og gætu falist í verkefnum sem er ætlað að hrinda í framkvæmd nýrri tækni sem tengist óviljandi eða viljandi mengun sjávar. Hvatt verður til þess að verkefni, þar sem tvö eða fleiri aðildarríki koma við sögu, njóti forgangs.</p>	<p>Hámarksfjárframlag bandalagsins: 50% af heildarkostnaði hvernar aðgerðar, þó aldrei meira en 150 000 evrur.</p>
<p>C. Stuðningsaðgerðir og aðgerðir á sviði upplýsingar</p> <p>1. <i>Umhverfisáhrif</i></p> <p>Stuðningsaðgerðir við kannanir á umhverfisáhrifum eftir að óhapp hefur átt sér stað til að meta forvarnar- ráðstafanir og ráðstafanir til úrbóta, sem eru gerðar, og miðla árangri af þeim í ríkum mæli og þeirri reynslu, sem er aflað, til annarra aðildarríkja.</p>	<p>Hámarksfjárframlag bandalagsins: 50% af heildarkostnaði hvernar aðgerðar.</p>

Tegundir aðgerða	Fjárhagsráðstafanir
<p>2. <i>Ráðstefnur og viðburðir</i> ⁽¹⁾</p> <p>Ráðstefnur og aðrir viðburðir sem tengjast mengun sjávar, opin stórum hópum áheyrenda, einkum þegar nokkur aðildarríki standa að þeim.</p>	<p>Hámarksfjárframlag bandalagsins: 30% af heildarkostnaði aðgerðarinnar, þó aldrei meira en 50 000 evrur.</p>
<p>3. <i>Aðrar stuðningsaðgerðir</i> ⁽¹⁾</p> <p>Aðgerðir sem miða að því að skilgreina tæknistig, þróa grundvallarreglur og leiðbeiningar vegna mikilvægra þátta óviljandi eða viljandi mengunar sjávar og meta rammaákvæði um samvinnu.</p>	<p>100% fjármögnun.</p>
<p>Ráðstafanir til að hvetja til þess að lögbær yfirvöld skiptist á upplýsingum um áhættu samfara hergögnum sem er hent, um viðkomandi svæði (þar með talin landakort) og um ráðstafanir sem ber að gera til að bregðast við neyðarástandi.</p>	<p>100 % fjármögnun.</p>
<p>4. <i>Upplýsingar</i></p> <p>Útgáfur, sýningarefni og aðrar upplýsingar til almennings um samvinnu á vettvangi bandalagsins á sviði óviljandi eða viljandi mengunar sjávar.</p>	<p>100% fjármögnun.</p>
<p>D. Útkall sérfræðinga</p> <p>Aðgerðir til að kalla út sérfræðinga, sem tilheyra starfshópi bandalagsins, í neyðartilvikum til að styrkja það kerfi sem yfirvöld aðildarríkis eða þriðja lands, sem standa frammi fyrir neyðinni, hafa byggt upp og til að útvega sérfræðing á vettvangi til að samræma störf þeirra sem koma frá öðrum aðildarríkjum til þess að kynna sér ástandið.</p>	<p>Fjárframlag bandalagsins: 100% af kostnaði vegna útkalls sérfræðings.</p>

⁽¹⁾ Einu styrkhæfu aðgerðirnar eru þær sem varða öll aðildarríkin eða mörg þeirra.